

Efni: Umsögn stjórnkerfis- og lýðræðisráðs um drög að stefnu um frístundarþjónustu í Reykjavík.

Með bréfi frá skrifstofu borgarstjórnar þann 8. júlí sl. var óskað eftir að stjórnkerfis- og lýðræðisráð gerði umsögn um drög að stefnu um frístundarþjónustu í Reykjavík dags. 6. júlí 2016. Umsögn stjórnkerfis- og lýðræðisráðs er eftirfarandi:

Stjórnkerfis- og lýðræðisráð fagnar því að gerð hafa verið drög að stefnu um frístundarþjónustu í Reykjavík enda sé slík stefna mikilvæg til þess að bæta þjónustu Reykjavíkurborgar.

Fram kemur í drögnum að stýrihópurinn hafi efnt til víðtæks samráðs við gerð þessara stefnu og hafi leitað ráðgjafar hjá ungu fólki og öðrum hagsmunaaðilum. Stjórnkerfis- og lýðræðisráð telur mikil gæði felast í slíku samráði enda sé samráð við hluteigandi aðila góð leið til þess að ná fá fram ólíkum skoðunum mismunandi hópa. Við slíkt samráðsferli er mikilvægt að skjaltsetja eftir fönngum þær athugasemdir sem berast og hvernig þær hafa áhrif á stefnuna. Má þar horfa til ferlisins sem var viðhaft þegar upplýsingastefna Reykjavíkurborgar 2015 – 2020 var samin, en henni fylgir ítarlegt skjal þar sem samráðsferlið er útlistað og athugasemdir og viðbrögð við þeim raktar.

Fram kemur í drögum um stefnu í frístundarþjónustu í Reykjavík að í Reykjavík eigi að vera skemmtileg frístundarþjónusta sem stuðlar að félagslegri velferð og er farvegur óformlegrar menntunar, menningar og lýðræðislegrar þátttöku. Nánari útfærslu á því hvernig hvetja eigi til lýðræðislegrar þátttöku þessa hópa í gegnum frístundarþjónustu Reykjavíkurborgar er ekki að finna í drögnum en stjórnkerfis- og lýðræðisráð telur að mikilvægt sé að móta nánar og aðgerðabinda hvernig staðið verði að því.